

FUNDARGERÐ BYGGÐARRÁÐS HÚNAÞINGS VESTRA

749. fundur byggðarráðs Húnaþings vestra, haldinn mánudaginn 4. júní 2012 kl. 14:00 í fundarsal Ráðhússins.

Dagskrá:

1. Ungmennafélagið Kormákur, Oddur Sigurðarson.
2. Forstöðumaður tæknideildar og verkstjóri áhaldahúss
3. Bréf Sýslumannsins á Blönduósi.
4. Bréf Brunabótafélags Íslands.
5. Bréf Vegagerðarinnar.
6. Bréf Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga.
7. Bréf Umhverfissráðuneytisins.
8. Fundargerð stjórnar Sambands ísl. Sveitarfélaga..
9. Aðgengi að leikskólanum Ásgarði.

Afgreiðslur:

1. Ungmennafélagið Kormákur, Oddur Sigurðarson er mættur til fundar við byggðarráð með ósk um fjárstuðning til þriggja ára vegna kaupa á nýjum keppnisbúningum fyrir íþróttaiðkendur ungmennafélagsins. Afgreiðslu erindisins frestað.
2. Forstöðumaður tæknideildar og verkstjóri áhaldahúss eru mættir til viðræðna við byggðarráð. Farið yfir helstu verkefni sem unnið er að s.s. vatnsveitu í Kirkjuhvammi, útrásir, íþróttamiðstöð ofl. Rætt um starfsmannamál ofl.
3. Lagt fram bréf Sýslumannsins á Blönduósi dags. 23. maí 2012 þar sem óskað er umsagnar vegna umsóknar frá Regínu Ólínu Þórarinsdóttur Berndsen f.h. Löngufitjar ehf. um leyfi skv. lögum nr. 85/2007 um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald. Sótt er um leyfi til að reka veitingastað í flokki II að Löngufit Laugarbakka 531 Hvammstanga. Sveitarstjóra falið að afgreiða erindið í samráði við byggingafulltrúa og slökkviliðsstjóra.
4. Lagt fram bréf Eignarhaldsfélagsins Brunabótafélag Íslands dags. 22. maí 2012, þar sem kynntur er styrktarsjóður EBÍ. Umsóknarfrestur í sjóðinn árið 2012 er til ágústloka. Sveitarstjóra falið að senda inn umsókn.
5. Lagt fram bréf Vegagerðarinnar dags. 16. maí 2012 um niðurfellingu vega af vegaskrá. Sveitarstjóra falið að afla frekari upplýsinga..
6. Lagt fram til kynningar jákvætt svarbréf Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga við umsókn Húnaþings vestra um framlög vegna sameiningar sveitarfélaga.
7. Lagt fram til kynningar bréf Umhverfissráðuneytisins dags. 30. maí 2012 um dag íslenskrar náttúru sem haldinn verður 16. september 2012.
8. Lögð fram til kynningar fundargerð Sambands ísl. sveitarfélaga frá 25. maí s.l.
9. Aðgengismál að leikskólanum Ásgarði. Sveitarstjóra falið að afla frekari upplýsinga frá Kvenfélaginu Björk um lóðamál. Samþykkt að taka á dagskrá.
10. Lagt fram bréf frá Kvenfélaginu Iðunni, dags. 4. júní 2012 þar sem óskað er eftir að við forsetakosningarnar 30. júní n.k. verði höfð kjördeild á Borðeyri. Byggðarráð samþykkir að fjölga ekki kjördeildum í sveitarfélaginu frá því sem segir í lögum nr. 24/2000 þar sem gert er ráð fyrir að hvert sveitarfélag sé ein kjördeild.

Fundargerðin upplesin og samþykkt.

Fundi slitið kl: 15:56

Sigurbjörg Jóhannesdóttir.

Leó Örn Þorleifsson.

Ragnar S. Helgason

Guðrún Ragnarsdóttir, skrifstofustjóri

Áheymarfulltrúar:

Elín Jóna Rósinberg

Sigurður Kjartansson